

Verkefni SKÍ í skíðagöngu 2018-2019

Næsta vetur mun Skíðasamband Íslands standa fyrir ýmsum verkefnum fyrir iðkendur í skíðagöngu. Ekki er um landsliðsverkefni að ræða heldur eru þetta verkefni sem allir eiga möguleika á.

Eftirfarandi verkefni verða í boði fyrir næsta vetur, en hvert og eitt verður líka auglýst með góðum fyrirvara.

Samæfingar:

Dags.	Viðburður	Staður	Lið
7.-10. júní 2018	Samæfing	Reykjavík	Allir 2006 og eldri
16.-19.ágúst 2018*	Samæfing	Akureyri	Allir 2006 og eldri
28.-30.des 2018	Samæfing	Ísland	Allir 2006 og eldri
Janúar/mars	Samæfing erlendis	Svíþjóð/Noregur	Öllum 2002 og eldri boðið

FIS æfingabúðir:

September 2018	FIS æfingabúðir	Ekki vitað	1999 og yngri (1 piltur + 1 stúlka)
Desember 2018	FIS æfingabúðir	Ekki vitað	1999 og yngri (1 piltur + 1 stúlka)

Stærri mót erlendis:

21.-27.janúar 2019	HM unglinga	Lahti, Finnland	WJC 1999-2002 – U23 1996-1998
9.-16.febrúar 2019	EYOF	Sarajevo, Bosnía	2001 og 2002
19.feb-3.mars 2019	HM	Seefeld, Austurríki	

* endanlega staðfest fljótlega

Valreglur á stærri mót erlendis:

HM unglinga

Hámark fjórir bestu af hvoru kyni út frá FIS stigum. Þátttakandi þarf að vera undir 200 FIS stigum í einni grein.

EYOF

Hámark þrjú bestu af hvoru kyni út frá FIS stigum. Þátttakandi þarf að vera undir 250 FIS stigum í einni grein.

HM – Undankeppni í lengri vegalengdum og sprettganga

Hámark fjórir bestu í sprettgöngu og fjórir bestu í lengri vegalengdum af hvoru kyni. Þátttakandi þarf að vera undir 200 FIS stigum í lengri vegalengdum og undir 300 FIS stigum í sprettgöngu.

Á öll mót er valið eftir síðasta FIS lista sem kemur út fyrir skráningarfrest á viðkomandi mót. Nánari upplýsingar síðar þegar útgáfa á listum og skráningarfrestir liggja fyrir.

SGN áskilur sér rétt til að breyta dagsetningum og eða verkefnum ef aðstæður breytast.